

## Jafnlaunastefna

Lögreglustjóri ber ábyrgð á að jafnlaunakerfi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra standist lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020. Jafnlaunakerfið nær til alls starfsfólks, en nær hvorki til verktaka né þeirra sem vinna tímavinnu.

Tilgangur með jafnlaunakerfi er að tryggja að allt starfsfólk Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Yfirlögregluþjónn er fulltrúi stjórnenda varðandi jafnlaunakerfi og er ábyrgur fyrir innleiðingu og viðhaldi þess í samræmi við staðalinn ÍST 85.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra skuldbindur sig til að:

- Innleiða, skjalfesta og viðhalda jafnlaunakerfi í samræmi við kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85 og öðlast vottun í samræmi við lög.
- Fylgja viðeigandi lögum og reglum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Framkvæma árlega launagreiningu þar sem borin eru saman sömu eða jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist óútskýrður kynbundinn launamunur. Kynna skal fyrir starfsfólki niðurstöður launagreiningar sem er til úttektar nema persónuverndarhagsmunir mæli gegn því.
- Kynna starfsmönnum niðurstöður launagreiningar hvað varðar kynbundinn launamun.
- Bregðast við frábrigðum með stöðugum umbótum og eftirliti.
- Framkvæma innri úttekt árlega.
- Halda rýni stjórnenda árlega þar sem jafnlaunamarkmið eru sett fram og rýnd.
- Birta stefnuna á innri vef og kynna hana öllu starfsfólki.
- Stefnan sé aðgengileg almenningi á vefsíðu lögreglunnar.

Jafnlaunastefna er jafnframt launastefna.